



International Communication Project

Alþjóðleg yfirlýsing um mannréttindi til tjáskipta

Hæfni í tjáskiptum¹ er grundvallarþáttur í mannlegu eðli. Færni fólks til að tjá sig á árangursríkan hátt er grundvöllur þess að ná árangri í menntun, atvinnulífi, félagslegu umhverfi og tilfinningalegum þroska.

Skerðing á tjáskiptafærni hefur neikvæð áhrif á getu einstaklingsins til að

- Tengjast og eiga í samskiptum við aðra
- Skilja það sem fram fer í samfélaginu
- Afla sér þekkingar, deila henni með öðrum og nýta sér
- Ná góðri andlegri og líkamlegri heilsu og viðhalda henni
- Taka öruggan þátt í atvinnulífi og tómstundum
- Eiga sanngjarnan aðgang að dómskerfinu og annarri opinberri þjónustu.

Tjáskiptafærni er grundvallarmannréttindi sem allir eiga að hafa aðgang að.

Við, undirrituð, skuldbindum okkur til að leggja okkar af mörkum til að fólk með tjáskiptaröskun² fái viðeigandi stuðning. Jafnframt skuldbindum við okkur til að vinna að því að fólk með tjáskiptafötlun³ fái þarfa og viðeigandi athygli og viðbrögð frá öllum sem bera ábyrgð og/eða tengjast málefnum, þar á meðal frá:

- Löggjöfum og stjórnvöldum
- Fjármögnunar- og váttryggingaraðilum
- Læknisfræði, heilbrigðis- og menntakerfi, fötlunar-, öldrunar- og lýðheilsufræðum
- Notendum og hagsmunafélögum
- Dómskerfi, félags- og almannaþjónustu
- Fjölmíðlum

Yfirlýsing um stuðning

Við teljum að tjáskiptafærni sé grundvallarmannréttindi.

Við teljum að allir hafi möguleika á færni til tjáskipta.

Með því að skrifa undir þessa yfirlýsingu lýsum við yfir stuðningi við milljónir manna um allan heim sem eru með tjáskiptaröskun sem hindrar þá til að lifa lífinu í samræmi við óskir þeirra og langanir og takmarkar möguleika þeirra til að taka þátt í eigin samfélagi á jafnréttisgrunni. Við teljum að fólk með tjáskiptaröskun eigi að hafa aðgang að þeim stuðningi sem það þarf til að geta nýtt sína hæfileika að fullu.

Undir þessa yfirlýsingu skrifa:

Ameríska tal-mál-heymanfræðifélagið, ASHA

Félag talmeinafræðinga og heymanfræðinga í Kanada, SAC

Félag talmeinafræðinga á Írlandi, IASLT

Félag talmeinafræðinga á Nýja Sjálandi, NZSTA

Félag talmeinafræðinga í Bretlandi, RCSLT

Félag talmeinafræðinga í Ástralíu, SPA

Taktu þátt!

Fáðu þitt félag til að styðja þetta verkefni með því að undirrita plaggið með því að hafa samband við okkur á icpcoms@internationalcommunicationproject.com. Þú getur einnig skrifað undir áskorunina sem einstaklingur [hér](#).

¹Tjáskipti er að deila upplýsingum og merkingu milli tveggja eða fleiri einstaklinga. Það getur falið í sér að mynda hjóð, tala, hlusta, lesa, skrifa, tjá sig með bendingum, svipbrigðum, táknum eða merkjum og skilja orð, líkamstjáníngu og félagslegar aðstæður.

²Samkvæmt Iðorðaskrá International Classification of Functioning, Disability and Health (ICF) visar röskun til minni möguleika og aðstæðna sem valda skerðingu á hæfni.

³Fötlun/fatlanir geta verið afleiðingar röskunar en það fer eftir persónulegum og umhverfislegum þáttum. Fötlun visar til áhrifa þess að hafa minni möguleika en aðrir sem veldur takmörkun á vikni, hömlunar á þátttöku auk annarra þátta sem geta verið umhverfislegir eða persónulegir. Tjáskiptafötlun eða fólk með tjáskiptafötlun visar til einstaklinga sem upplifa erfiðleika í tjáskiptum (samskiptum) sem hefur áhrif á getu þeirra til að taka þátt í daglegu lífi til jafns við aðra.